

## REGLUGERÐ

### um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa í hjúkrunarrýmum.

#### 1. gr.

Markmið með reglugerð þessari er að samræma og tryggja heilbrigðisþjónustu við aldraða í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi, þar sem þeim er hjúkrað sem þarfnast umönnunar og meðferðar. Til að ná því markmiði skal árlega meta heilsufar og aðbúnað einstaklinga í hjúkrunarrýmum. Matið skal byggt á RAI-mælingum (raunverulegum aðbúnaði íbúa).

RAI-mælingar eru byggðar á:

1. Gagnasafni um heilsufar og hjúkrunarþörf í hjúkrunarrýmum (sbr. MDS-Minimum Data Set).
2. Matslyklum (RAPS-Resident Assessment Protocol).
3. Álagsflokunarkerfi (RUGs III-Resource Utilizations Groups).

#### 2. gr.

Heilbrigðisráðherra skipar sérstaka nefnd, RAI-matsnefndina, sem skal hafa umsjón með RAI-mati og notkun þess í hjúkrunarrýmum. Í nefndinni skulu eiga sæti öldrunarlæknir, félagsráðgjafi, þrír hjúkrunarfræðingar og fulltrúi heilbrigðisráðuneytis sem jafnframt er formaður.

#### 3. gr.

Hjúkrunarfræðingur annast, í samvinnu við aðrar heilbrigðisstéttir, RAI-mat í hjúkrunarrýmum að undangenginni þjálfun.

Markmið með matinu eru:

- Að fylgjast með heilsufari og velferð hins aldraða.
- Að afla upplýsinga um þarfir og umönnun hins aldraða.
- Að afla samræmdra upplýsinga um þarfir stofnana vegna heilbrigðisþjónustu sem reglugerð þessi tekur til.
- Að tryggja hámarks gæði heilbrigðisþjónustu og sem besta nýtingu fjármagns.

#### 4. gr.

RAI-mat skal fara fram við upphaf dvalar einstaklings í hjúkrunarrými og reglulega eftir það eftir nánari ákvörðun RAI-nefndarinnar, þó ekki sjaldnar en árlega.

Niðurstöður RAI-mats skulu sendar heilbrigðisráðuneyti þar sem þær skulu varðveittar á tölvutæku formi.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 37. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa á öldrunarstofnunum, nr. 546/1995.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 9. júní 2008.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*